



Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. apríl 2020  
Tilvísun: 202004-0015

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um fjárstuðning við minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, 725. mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um fjárstuðning við minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, 725. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að einstaklingar og lögaðilar sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur eða sjálfstætt starfandi sem höfðu starfsemi fyrir 1. febrúar síðastliðinn geti annars vegar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum átt rétt á sérstökum lokunarstyrkjum hafi þeim af sóttvarnaryfirvöldum verið gert að loka eða hætta starfsemi og hins vegar sótt um sérstök stuðningslán gegnum viðskiptabanka sem bera 100% ríkisábyrgð.

ASÍ styður markmið frumvarpsins um að viðhalda atvinnustigi og umsvifum í efnahagslífinu með því að styðja minni rekstraraðila sem orðið hafa fyrir tekjufalli vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og aðgerða til að hefta hana.

Til viðbótar við þau skilyrði sem sett eru fyrir fjárstuðningi skv. ákvæðum frumvarpsins leggur ASÍ áherslu á að opinber fjárstuðningur við fyrirtæki sé almennt háður eftirfarandi skilyrðum:

- **Tveggja ára bann við arðgreiðslum fyrirtækja sem njóta ríkisaðstoðar** þannig að arður myndaður á grundvelli opinberrar aðstoðar skapi ekki grundvöll til einkavæðingar afrakstursins.
- Rekstrarerfiðleikar séu tímabundnir og megi sannarlega rekja til heimsfaraldurs.
- Kannað verði áður en ríkisaðstoð er veitt, hvort bjargir fyrirtækjanna sjálfra t.a.m. eigið fé, eigenda þeirra og hluthafa hafi verið nýttar eða megi nýta.
- **Fyrirtæki hafi ekki verið í vanskilum með opinber gjöld og skatta**
- **Ekki verði stutt með opinberri fyrirgreiðslu við fyrirtæki sem stunda skipulögð kjarasamningsbrot og launþjófnað.**
- **Fyrirtæki séu ekki í vanskilum með laun og launatengd gjöld** s.s. framlag í lífeyrissjóð og sjúkrasjóð.
- Fyrirtæki skuldbindi sig til að leita allra leiða til að **viðhalda föstu ráðningarsambandi** við starfsfólk sitt.



- **Laun stjórnenda og launabil innan fyrirtækja sé innan hóflegra og skilgreindra marka.**
- **Viðurlög vegna misnotkunar á ríkisaðstoð til fyrirtækja sem veitt er vegna heimsfaraldurs kórónuveiru verði hert.**
- Ekki verði stutt við fyrirtæki sem eiga eignir eða dótturfélög í skattaskjólum.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ